

28. Fundur Breiðafjarðarnefndar

Haldinn 11.júlí 2001, kl. 11:00 til 13:00 Náttúrustofu Vesturlands, Stykkishólmi.

Mættir: Guðríður Þorvarðardóttir, Jóhannes Gíslason, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Sigurður Þórólfsson.

Friðjón Þórðarson og Ævar Petersen boðuðu forföll.

Fundarritari: Sigríður Elisdóttir.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Guðríður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna. Þá var nýr starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, Sigríður Elisdóttir, boðin velkomin til starfa.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð Breiðafjarðarnefndar frá 21. maí 2001 var samþykkt eftir að gerðar voru á henni smávægilegar lagfæringar.

Mat á umhverfisáhrifum, efnistaka

Þórólfur kynnti umhverfismatskýrslu Vegagerðinnar, vegna Vestfjarðavegar nr. 60: Eyri - Vattarnes. Nokkur umræða varð um skýrsluna. Bent var á að enn eru aðrar stofnanir að skilgreina mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. bls. 10 í matskýrslunni, en þar kemur fram: "Í lögunum um vernd Breiðafjarðar eru fjörur ekki skilgreindar. Efnistaka er hins vegar áætluð neðan stórstraumsflóðsborðs en vart utan stórstraumsfjöruborðs. Vegagerðin mun því hafa samráð við nefndina um efnistöku úr eyrum Múla-, Fjarðarhorns- og Skálmardalsár neðan stórstraumsflóðmarka, ef af efnistöku verður úr eyrum ána neðan stórstraumsfjöruborðs."

Breiðafjarðarnefnd mótmælir skilgreiningu Vegagerðarinnar á efri mörkum verndarsvæðisins, þar sem öll fjara er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þrátt fyrir að fjara sé ekki skilgreind í lögunum um vernd Breiðafjarðar, er almennur skilningur á að "Fjaran er jafnan talin vera það svæði, sem nær neðan frá stórstraumsfjörumörkum upp að stórstraumsflóðsmörkum." (Fjörulíf, útg. Ferðafélag Íslands, höf., Agnar Ingólfsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Karl Gunnarsson og Eggert Pétursson.) eða samkvæmt Agnari Ingólfssyni (Lífríki fjörunnar) "Í hugum manna er fjaran það svæði, sem afmarkast að ofanverðu í stórstraumsflóði, en að neðanverðu af stórstraumsfjörumörkum og hefur svipuð skilgreining löngum verið í notkun meðal líffræðinga. Það er augljóst að mati Breiðafjarðarnefndar að efnistaka úr eyrum Múlaár, Fjarðarhornsár og Skálmardalsár er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og þarf því samþykki Breiðafjarðarnefndar fyrir efnistöku þar sbr. 6. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995."

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd ákvað að gera athugasemdir við texta á bls. 10 um mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. hér að framan.

Plægning á jarðstreng í landi Þverár í Vatnsfirði á Barðaströnd

Farið var yfir erindi frá Jóni Hilmarssyni, deildarstjóra hjá Landssímanum, varðandi jarðstreng sem fyrirhugað er að plægja á Barðaströnd nú í júlí.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd gerir engar athugasemdir við framkvæmdina.

Uppbygging sjóvarna við Sæból 16 og á Framnesi á Grundarfirði, Eyrarsveit.

Kynnt var niðurstaða Skipulagsstofnunar, sbr. 2 bréf, bæði dags. 15. júní 2001 þess efnis, að fyrirhugaðar uppbyggingar sjóvarna séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skulu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Uppgjör þóknunar.

Kynnt var bréf Þórólfs Halldórssonar, dags. 29. maí 2001 varðandi uppgjör á þóknun til nefndarmanna. Nokkur umræða varð um uppgjör ferðareikninga og þóknunar.

Önnur mál.

Dreift var grein Gunnars Njálssonar um eyðileggingu á Mjósundum.

Fundi slitið kl. 13:00.

Næsti fundur ekki ákveðinn.